

hefur orðið til mikil þekking á þörfum og óskum sjúklinga með algengar geðraskanir sem nýta þarf til að styrkja heilsugæsluna þannig að þar verði aukin þjónustugeta með fjölbreyttari meðferðarúrræðum í náinni framtíð. Komin er fimm ára reynsla á það fyrirkomulag að sálfræðingar á geðsviði annist hugræna atferlismeðferð í hópi á þrem heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu og einni til tveimur úti á landi á hverjum tíma samkvæmt samningi við heilbrigðisráðuneytið.

Kreppan hefur aukið áhuga lækna á siðfræði, stjórnun og fagmennsku. Það sést vel á góðri mætingu lækna á málþing um áhrif kreppunnar á Læknadögum. Eitt af því sem ekki má gleymast þegar horft er til framtíðar er hár meðalaldur starfsfólks flestra heilbrigðisfagstétta hér á landi. Nauðsynlegt er því að tryggja að kreppan skaði ekki heldur efli nám einstakra heilbrigðisstétta. Besta leiðin til að draga úr áhrifum tímabundins

skorts á sérfræðingum í einstökum greinum á Landspítala er raunar að standa vel að framhaldsnámi á háskólasjúkrahúsinu. Á geðsviði hefur verið afar gott samstarf við námslækna um leiðir til að efla námið. Kreppan hefur efnt skilning á mikilvægi samráðs og samstarfs hvarvetna í stjórnkerfinu. Páll Matthíasson framkvæmdastjóri geðsviðs stóð fyrir stefnumarkandi fundi fyrir geðsvið Landspítala í Iðnó í júní 2009. Rúmum helmingur þeirra 120 sem sóttu fundinn voru hagsmunaaðilar starfandi utan Landspítala. Að lokum minni ég á að stjórnarráðið verður allt að leggja meira af mörkum í hagræðingu og sparnaði til að halda trúverðugleika í boðskap sínum um hagræðingu í heilbrigðisþjónustu. Eða treysta stjórnámamann eða aðrir sér til að halda því fram að sjúkir, fatlaðir og aldraðir hafi breiðustu bökin hér á landi?

1. Petrea I, Muijen M. Policies and practices for mental health in Europe. WHO Regional Office for Europe, Kaupmannahöfn 2008.

Mynd mánaðarins



Kvöldfundir

Árið 1968 tók ég upp þá nýbreytni innan ramma kennslu í lyfjafræði að boða nemendur á kvöldfundi til þess að ræða meðferð tiltekinna sjúkdóma að viðstöddum sérfróðum læknum, en vegna þeirra urðu fundir að vera á kvöldin. Nemendur tóku þessu sæmilega vel, en þó misvel, þar eð sumir þurftu að sinna börnum á kvöldum og svo vegna hins, að þessi fræðsla varð sjaldan beint í prófaskana sett. Megintilgangur fundanna var að kennarar í lyfjafræði og klínískir læknar gætu borið saman bækur sínar og svo ekki síður, að nemendur gætu átt þess kost að spyrja gestina frjálst og beint út í efnið. Mynd 1 er yfirlitsmynd,

Porkell Jóhannesson

sem tekin var í stofu 101 í Lögbergi einhvern tíma á níunda áratugnum að ég best man. Á myndinni sjást allmargir læknanemar. Fyrir miðju eru Ásgeir Karlsson og Hannes Pétursson, geðlæknar, en fundurinn var um geðdeyfðarlyf. Með mér á fundinum voru Guðmundur Oddsson, lektor, og Jakob Kristinsson, dósent (síðar prófessor) (mynd 2).

Magnús Jóhannesson, prófessor, stóð fyrir kvöldfundum um staðdeyfingarlyf, sem ætlaðir voru læknanemum og tannlæknanemum og síðar hjúkrunarfræðinemum og voru ætíð fjölsóttir. Því miður hefur ekki fundist mynd af slíkum fundi.